

Skólanefndarfundur

29. nóvember 2022 kl.12:00
Fundarherbergi 6.hæð

Mættir: Elías, Leifur, Íris, Gunnar Guðbjörg Sól, Helga Jóhanna og Helga Kristín

Fundarstjóri: Helga Kristín Kolbeins

Fundarritari: Elísa Kristmannsdóttir

Fundarefni:

1. Stefna skólans- sjá fylgigögn (athugið strax hafa borist athugasemdir um að hún verði ekki lögð fram til samþykktar ef setningin um skipstjórnarnámið verði inni).
2. Fjármál, sjá fylgigögn.
3. Gjaldskrá – sjá á heimasíðu skólans fiv.is Forsíða – Námið – Gjaldskrá. (gert er ráð fyrir að sértekjur hækki á milli ára)
4. Niðurstöður kannana, sjá fylgigögn
5. Annað

Umræður/niðurstöður:

- Stefna skólans

Farið yfir brautir skólans. Bóknám er að minnka og gert er ráð fyrir hraðari minnkun næstu ár. Fyrirhugað að fara af stað með dreifnám rafiðna og ekkert er á mótí því að hefja nám í skipsstjórn A og B. Athuga þarf hvaða/hvort grundvöllur sé fyrir námi í skipsstjórn C og pípulögn.

- Fjármál

Skólinn stendur vel. Gögn til Ráðuneytis sýnd fundargestum, ósamþykkt. Heimild er að flytja 2% á milli ára. Erum í miklum eignakaupum, erum að endurnýja vélasalinn og allan búnað þar. Höfum fengið mjög rausnarlegar gjafir og erum að nýta eigið fé.

- Gjaldskrá

Mælt er með að fíkta ekki í gjaldskrá um áramót en spurning um að skða breytingu næsta haust. HKK sýndi fundargestum gjaldskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands þar sem mikið dreifnám er. Spurning um að skoða þetta vel og gera tillögu að breyttri gjaldskrá haustið '23.

- Niðurstöður kannana

Niðurstöður almennt góðar en þó er sláandi að árgangurinn sem kom inn í skólann í haust sker sig úr mjög mörgum svörum. Þau hafa almennt neikvæðara viðhorf gagnvart kennurum og samnemendum, upplifa meiri leiða, minni hamingju, eru meira kvíðin og þunglynd. Vitum ekki af hverju þetta er – mikilvægt að fylgjast vel með þessum hópi.

Annars er þunglyndi marktækt minna en á landsvísu og líðan hefur batnað. Einnig hefur kvíði minnkað og er minni en á landsvísu. Stúlkur eru þó kvíðnari. Svefninn hefur batnað mjög. Spurning hvort það að hefja skólann kl. 9 hefur svona mikil áhrif. Gaman að fylgjast með því áfram í næstu könnunum.

- Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 12:55